

Grunnskóli Hornafjarðar



Fréttabréf 6. tbl. 10. árg. ágúst 2016

Ábyrgðarmaður: Þórgunnur Torfadóttir

10. starfsár skólans að hefjast

Haustið 2007 hóf Grunnskóli Hornafjarðar starfsemi sína þegar Nesjaskóli, Hafnarskóli og Heppuskóli voru sameinaðir og því er 10. starfsár skólans nú að hefjast. Segja má að skólastarfið sé komið í nokkuð fastar skorður eftir þessi níu ár og að venju ríkir tilhlökkun hjá starfsmönnum að taka á móti nemendum og hitta foreldra eftir gott sumarfrí. Skólastarfið verður með fremur hefðbundnum hætti og grunntónninn sá sami og undanfarið. Við ætlum að vera í röð fremstu skóla á landinu, bæði er varðar árangur en einnig líðan nemenda. Því leggjum við áfram ríka áherslu á að bæta lestrarfærni nemenda og námsárangur í stærðfræði. Einnig ætlum við að vinna rækilega gegn einelti í skólanum því síðasta vetur kom í ljós að of margir nemendur verða fyrir einelti af hálfu skólafélaganna. Öll þessi vinna krefst góðrar samvinnu við heimilin enda getur starfsfólk skólans algerlega tekið undir afríska orðatiltækið *það þarf heilt þorp til að ala upp barn*. Þessi vinna er þegar hafin og hefur allt starfsfólk skólans t.a.m. setið námskeið með Vöndu Sigurgeirsdóttur þar sem farið var yfir það hvernig hægt væri að bæta samskipti nemenda. Farið verður nánar yfir áherslur í skólastarfinu í skólasetningaviðtölum þar sem athyglin beinist að einstökum nemendum og á kynningarfundunum þar sem farið verður yfir málefni hópsins.

Breytingar á starfsmannahaldi

Nokkrar breytingar hafa orðið í starfsmannahópnum. Til að byrja með er rétt að minna á breytingar hjá skólastjórnendum en nú er einn skólastjóri í skólanum, Þórgunnur Torfadóttir í stað tveggja áður og í stað deildarstjóra eru nú tveir aðstoðarskólastjórar, þær Eygló Illugadóttir og Magnhildur Gísladóttir á sitt hvoru skólastiginu. Fjórir nýir starfsmenn eru að hefja stöf við skólann. Aðalheiður Mjöll Þórarinsdóttir hefur verið ráðin náms- og starfsráðgjafi, Elín Birna Vigfúsdóttir smíðakennari og Ingvi Ingólfsson íþróttakennari. Þá er Sigurður Páll Árnason að koma aftur til okkar og tekur nú við tónmenntakennslunni og myndmenntakennslu

í 6.-8. bekk. Alltaf eru síðan einhverjar tilfærslur á starfsfólki en á heimasíðu skólans og í handbók má fá nánari upplýsingar um starfsmenn.

Kynningarfundir og skólafærninámskeið

Á næstu dögum verða kynningarfundir og skólafærninámskeið fyrir foreldra. Sem forskot á þessa fundi verður Margrét Birna Þórarinsdóttir með fyrirlestur fyrir foreldra um kvíða barna og unglinga miðvikudaginn 31. ágúst kl. 20:00 í Heppuskóla. Sérstaklega skal bent á að fyrirlesturinn er ætlaður foreldrum barna á öllum aldri. Á kynningarfundunum verður síðan fyrst og fremst fjallað um samskipti barnanna og má segja að um einskonar framhaldsfund verði að ræða frá fundum síðasta vetrar þar sem fjallað var um einelti. Á skólafærninámskeiðunum verður auk þess farið yfir mál sem snúa að því að byrja í skóla og að verða unglingur.

Dagsetningar og tími funda, nánari dagskrá verður send til foreldra í hverjum árgangi

5. sept.	Skólafærninámskeið fyrir foreldra 7. bekkinga kl. 19:30 í Heppuskóla
6. sept	Skólafærninámskeið fyrir foreldra 1. bekkinga kl. 19:30 Hafnarskóla
7. sept	Kynningarfundur fyrir foreldra 2. og 3. bekkinga kl. 17:00 í Hafnarskóla
12. sept	Kynningarfundur fyrir foreldra 4. og 5. bekkinga kl. 17:00 í Hafnarskóla
12. sept	Kynningarfundur fyrir foreldra 10. bekkinga kl. 19:30 í Heppuskóla
13. sept	Kynningarfundur fyrir foreldra 6. bekkinga kl. 19:30 í Hafnarskóla
14. sept	Kynningarfundur fyrir foreldra 8. og 9. bekkinga kl. 19:30 í Heppuskóla

Skólareglur Grunnskóla Hornafjarðar


Í upphafi hvers skólaárs ber skólanum skylda til að kynna skólareglur fyrir foreldrum. Í skólareglum skal m.a. kveðið á um almenna umgengni, samskipti, stundvísi, ástundun náms og heilbrigðar lífsvenjur. Þar skuli einnig koma fram hvernig brugðist sé við brotum á skólareglum. Hér á eftir kemur úrdráttur úr skólareglunum. Þær eru í fullri lengd bæði í starfsáætlun (handbók) og á heimasíðu skólans.

Almennar reglur

Almennar reglur snúast um dagleg samskipti og byggja á almennum siðareglum. Að temja sér að fara eftir þessum reglum er hluti af því að þroskast og fullorðnast og verða ábyrgur þegn í

lýðræðis-samfélagi. Því er eðlilegt að yngri börn þurfi meiri aðstoð við að temja sér þær en þau sem eldri eru. Almennum reglum er fylgt þegar:

- Við sinnum hlutverki okkar
- Við komum fram af kurteisi og sýnum tillitssemi
- Við berum ábyrgð á eigum okkar
- Við berum ábyrgð á gerðum okkar
- Við látum aðra í friði.



Öryggisreglur

Öryggisreglur snúast um að tryggja líkamlegt og andlegt öryggi allra í skólanum. Séu þær brotnar er undantekningarlaust gripið til viðurlaga í samræmi við aldur og þroska viðkomandi barns. Öryggisreglur eru brotnar þegar öryggi er ógnað með ögrandi framkomu t.a.m. með:

- andlegum eða líkamlegum meiðingum
- alvarlegum ögrunum eða hótunum
- notkun á tóbaki, áfengi eða öðrum vímuefnum
- vopnum eða ígildi þeirra
- þjófnaði
- skemmdarverkum
- áhættuhegðun.

Ef nemandi brýtur skólareglurnar er unnið eftir ákveðnu ferli sem nánar er útlistað í starfsáætlun (handbók) skólans sem og á heimasíðu hans.

Punktakerfi

Notast er við punktakerfi í 7. – 10. bekk skólans til auðveldra kennurum, nemendum og foreldrum að halda utan um mætingar og ástundun hjá nemendum. Skólasókn þeirra birtist á vitnisburðarblaði. Haldið er utan um punktakerfið á www.mentor.is. Þar merkja kennarar við mætingar, skil á heimavinnu og fleiri þætti og geta foreldra og nemendur ásamt kennurum fylgst með stöðu mála. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um punktakerfið á heimasíðu skólans og í starfsáætlun.

Uppeldi til ábyrgðar

Skólareglur Grunnskóla Hornafjarðar litast af áherslum í *uppeldi til ábyrgðar* en það er sú uppeldis- og samskiptastefna sem lögð er til grundvallar í skólastarfinu. *Uppeldi til ábyrgðar* byggir meðal annars á þeirri grundvallarhugsun að orsök vanlíðanar og slæmrar hegðunar eigi sér stað vegna þess að einstaklingurinn nái ekki að uppfylla grunnþarfir sínar á jákvæðan hátt. Aðferðir *uppeldis til ábyrgðar* byggja á því að einstaklingar læri að þekkja þessar grunnþarfir sínar og finni leið til að uppfylla þær á jákvæðan hátt í sátt við aðra í umhverfi sínu um leið og þeir taki ábyrgð á eigin hegðun..

Öryggi



Virðing

Umhyggja



Vinátta

Gleði



Jákvæðni

Áhrif



Metnaður

Frelsi



Frelsi

Kjörorð skólans vísa síðan til hverrar þarfar fyrir sig og þannig tengjast kjörorð skólans og uppeldisstefnan órjúfanlegum böndum.

Skólamáltíðir

Skólamáltíðir verða með sama sniði og síðustu ár og eru **nemendur sjálfkrafa skráðir í mat og ávaxtabita að hausti nema skólanum berist upplýsingar um annað**. Allir nemendur skólans borða hádegismat í matsalnum í Hafnarskóla. Ef nemendur í 7.-10. bekk kjósa að koma með nesti geta þeir borðað það í holinu í Heppuskóla. Þó skal sérstaklega á það minnt að skólamáltíðirnar eru bæði ódýrar og hollar en hver máltíð kostar 315 krónur en ávaxtabiti 50 krónur.

Matseðill í ágúst og september

25.ág. Kjúklingaleggir með steiktum kartöflum.

26.ág. Súpa, brauð og álegg.

29.ág. Soðinn fiskur með rúgbrauði.

30.ág. Lasagne með hvítlauksbrauði.

31.ág. Steiktur fiskur með smjöri.

1.sept. Kjötbollur með brúnni sósu.

2.sept. Hrísgjónagrautur brauð og álegg.

5.sept. Ofnsteiktur fiskur og kartöflur.

6.sept. Gúllas með kartöflumús.

7.sept. Steiktur fiskur með raspi.

8.sept. Skólaljúgu með kartöflum og jafningi.

9.sept. Súpa, brauð og álegg.

12.sept. Soðinn fiskur með rúgbrauði.

13.sept. Kjöt í karrý.

14.sept. Fiskibollur með laukfeiti.

15.sept. Hamborgari, franskar og sósa.

16.set. Skyr, brauð og álegg.

19.sept. Smjörsteiktur fiskur með kartöflum.

20.sept. Pasta með skinku.

21.sept. Ofnbakaður fiskur.

22.sept. Litlar sælkerabollur með súrsætri sósu.

23.sept. Súpa, brauð og álegg.

c

26.sept. Soðinn fiskur með rúgbrauði.

27.sept. Kjötfarsbollur með káli og feiti.

28.sept. Ofnsteiktur fiskur og kartöflur.

29.sept. Kjúklingapottréttur með hrísgjónum.

30.sept. Hrísgjónagrautur, brauð og álegg.



Það er gott og gaman að hjóla í skólann... þegar hjálmurinn er á kollinum!
Hjálmanotkun er lögbundin að 15 ára aldri.
Fullorðnir, verum góðar fyrirmyndir og notum líka hjálm.